

139. löggjafarþing 2011

Helgi Hjörvar,  
formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

**Álit um**

**Þskj. 408 — 337. mál**

Þált. um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða

**Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs**

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur á fundum 25. janúar og 18. febrúar sl. fjallað um erindi utanríkismálanefndar Alþingis til Íslandsdeildar um umsögn um 337. mál á 139. löggjafarþingi.

Norðurlandaráð hefur á liðnum árum samþykkt ýmis tilmæli varðandi norðurskautið til ríkisstjórna Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar, meðal annars um norðurskautsrannsóknir, um samnorræn eftirlitskerfi á norðurskauti, um rannsóknir á lagaumhverfi hafsvæða á norðurslóðum, um umhverfismál á norðurslóðum og um alþjóðlega ráðstefnu um þróunina á norðurskautssvæðinu.

Norðurlandaráð hefur einnig samþykkt tilmæli að frumkvæði Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um borgaralegt öryggi, þar á meðal í Norðurhöfum, til að fylgja eftir Stoltenberg-skýrslunni um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála.

Þá ber að geta margra tilmæla Norðurlandaráðs í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og frumkvæðis Norðurlandanna í loftslagsmálum.

Norðurlandaráð tekur sem áheyraraðili þátt í fundum þingmannanefndar um norðurskautsmál sem heldur annað hvert ár þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál. Ákvörðunin um stofnun þingmannanefndarinnar var tekin á þingmannaráðstefnu um þróun og vernd norðurheimskautssvæðisins sem haldin var af Norðurlandaráði í Reykjavík í ágúst 1993, á grundvelli tillögu Halldórs Ásgrímssonar í Norðurlandaráði.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs fagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða og er sammála markmiðum hennar.

Íslandsdeild tekur undir að það sé óskilegt að fimm ríki taki sig saman um að útiloka önnur norðurskautsríki, þar á meðal Ísland, og frumbyggja frá ákvörðunum um norðurskautið og vinni þar með gegn Norðurskautsráðinu sem mikilvægasta vettvangs alþjóðlegrar samvinnu um málefni norðurslóða.

Íslandsdeild undirstrikar að ekki ríki réttaróvissa um norðurslóðir og að byggja eigi á hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna við úrlausn álitaefta.

Þá telur Íslandsdeildin að stuðningur við réttindi frumbyggja sé mikilvægur og að stuðla eigi að því að þeir komi að ákvarðanatöku í öllum þeim málum sem snerta samfélög þeirra.

Álfheiður Ingadóttir

Ásmundur Einar Daðason

Bjarni Benediktsson

Helgi Hjörvar, formaður

Ragnheiður Ríkharðsdóttir

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Siv Friðleifsdóttir